

Niðurstaða blóðrannsóknar þeirrar, sem fram hefir farið, hefir ekki útilokað kærða frá því að vera föður barnsins. Upplýst er, að aðiljar hafi haft holdlegar samfarir á getnaðartíma barnsins, og skiptir ekki meginmáli, hvor aðilja hefir réttara fyrir sér um samfaratímann. Þó lætur nær sá tími, sem kærði hefir haldið fram.

Þykir því verða að dæma kærða föður barnsins, til að greiða meðlag með barninu, barnsfararkostnað til barnsmóður og styrk fyrir og eftir barnsburð, allt eftir úrskurði yfirvalds, og loks málskostnað, er þykir hæfilega ákveðinn kr. 70.00.

Því dæmist rétt vera:

Kærði, Jóhann Magnússon, skal teljast faðir sveinbarns þess, er stúlkan Svava Thorarensen ól þann 24. október 1939. Hann greiði meðlag með barninu, barnsfararkostnað og styrk fyrir og eftir barnsburð til barnsmóður, eftir úrskurði yfirvalds, og 70 krónur í málskostnað.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 15. nóvember 1940.

Nr. 97/1940. **Valdstjórnin** (Pétur Magnússon)
gegn

Adolf Kristni Ársæli Jóhannssyni
(Gunnar Þorsteinsson).

Landhelgisbrot.

Dómur hæstaréttar.

Með hliðsjón af því, að gullgildi islenzkrar krónu er óbreytt frá því að héraðsdómur var uppkveðinn, og með því að fallast má á forsendur og niðurstöðu hins áfrýjaða dóms, þá ber að staðfesta hann, þó þannig, að sekt kærða afplánist í 7 mánaða varðhaldi, ef hún er ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Eftir þessum málalokum ber kærða að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að sekt kærða afplánist í 7 mánaða varðhaldi, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Kærði, Adolf Kristinn Ársæll Jóhannsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Péturs Magnússonar og Gunnars Þorsteinssonar, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur lögregluréttar Barðastrandarsýslu 31. ágúst 1940.

Ár 1940, laugardaginn 31. ágúst, var í lögreglurétti Barðastrandarsýslu, sem haldinn var á sýsluskrifstofunni af sýslumanni Jóhanni Skaptasyni, kveðinn upp dómur í lögreglumálinu nr. 10/1940: Valdstjórnin gegn Adolf Kristni Ársæli Jóhannssyni, til heimilis Lokastíg 9 Reykjavík.

Adolf Kristinn Ársæll Jóhannsson er skipstjóri á togaranum „Sindri“ frá Akranesi M.B. 45. Hann hefir ekki áður sætt kæru fyrir brot á landhelgislöggjöfinni.

Málið er höfðað gegn honum fyrir brot á lögum nr. 5 frá 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 frá 1924. Það var rannsakað og dómtekið í dag.

Í gær kl. 21¹⁹ stöðvaði varðbáturinn Faxi togarann M.B. 45 Sindra frá Akranesi, þar sem hann var að veiðum út af Arnarfirði. Atvik að stöðvuninni voru þessi:

Varðbáturinn var staddur í Patreksfjarðarflóa síðdegis í gær og hélt af stað norður með Kópnum kl. 20³⁰. Þegar komið var út af Kópnesinu, kl. 20⁴⁵, sást togari út af Arnarfirði, sem virtist vera grunsamlega nálægt landi. Var þá haldið með fullri ferð í áttina til hans. Fyrst virtist togarinn hafa SA. læga stefnu, en kl. 20⁵⁰ sneri hann til bakborða og virtist fyrst stefna í NA., unz hann sneri meira út.

Kl. 21⁰⁶ var eftirfarandi staðarákvörðun gerð:

Barðatá

> 27° 10'

Svalvogaviti

> 64° 50'

Landið niður undan Álftamýri

og hornið frá togaranum til Svalvogavita 25° 00'.
(Staðarákvörðun nr. 1 á meðfylgjandi uppdrætti).

Kl. 21⁰⁸ sett upp stöðvunarmerki og skotið púðurskoti.

Kl. 21⁰⁹ skotið púðurskoti.

Kl. 21¹¹ skotið kúlu framan við togarann.

Kl. 21¹³ Skotið kúlu framan við togarann, sem hélt þá þvert út úr landhelginni.

Kl. 21¹⁶ skotið kúlu utan við togarann.

Kl. 21¹⁹ komið að togaranum, sem var með stjórnborðsvörpu úti og var að draga hana upp. Var þá sett niður ljósbauja rétt utan við togarann.

Kl. 21²³ gerð eftirfarandi staðarákvörðun hjá baujunni:

Barðatá

> 39° 00'

Svalvogaviti

> 66° 10'

Landið neðan við Álftamýri

(staðarákvörðun nr. 2 á meðfylgjandi uppdrætti),
er gefur stað togarans 1,2 sjómílur inni í landhelgi, og dýpi við baujuna 55 metrar.

Kærður var þá sóttur. Viðurkenndi hann strax, að mælingar og athuganir varðbátsforingjans væru réttar. En þar sem þá var orðið svo skuggsýnt, að ekki var hægt að gera að nýju hornamælingar við baujuna þá strax, var kærðum gefinn kostur á að biða til morguns, svo hann gæti verið við, er mælingar væru gerðar við baujuna. Hann afþakkaði boðið og kvað það ekki þurfa sín vegna.

Fyrir réttinum hefir kærður viðurkennt landhelgisbrot sitt og ekkert fært fram sér til afsökunar.

Brot kærðs varðar við 1. gr. sbr. 3. gr. laga nr. 5 frá 1920, um brot gegn botnvörpuveiðum, sbr. lög nr. 4 frá 1924.

Refsing hans þykir hæfilega ákveðin kr. 29500.00 sekt, og er þá tekið tillit til þess, að gullgengi islenzkrar krónu er í dag 33.90. Sektin renni í landhelgissjóð Íslands. Verði hún eigi greidd innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, afpláni kærður hana með 7 mánaða einföldu fangelsi. Þá skal og allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Sindra M.B. 45 frá Akranesi, upptækt gert, og andvirðið renna í sama sjóð.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar.

Málið hefir verið rekið vítalaust.

Því dæmist rétt vera:

Kærður, Adolf Kristinn Ársæll Jóhannsson, greiði kr. 29500.00 í sekt til landhelgissjóðs Íslands.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 7 mánuði.

Allur afli og öll veiðarfæri, þar með taldir dragstrengir togarans Sindra M.B. 45, sé upptækt gert til sama sjóðs.

Kærður greiði allan kostnað sakarinnar.

Dóminum skal fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 15. nóvember 1940.

Nr. 36/1940. Réttvísir (Lárus Jóhannesson)

gegn

Péttri Jónssyni (Theódór B. Líndal).

Innbrotspjófnaður.

Dómur hæstaréttar.

Samkvæmt prófum málsins brutust nokkrir drengir þann 6. febr. þ. á. inn í hús Guðmundar